

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar um heimgreiðslur til foreldra sem bíða eftir dagvistunarplássi

Fulltrúar Framsóknar leggja til að komið verði á fót heimgreiðslum til foreldra og forsjáraðila sem lokið hafa fæðingarorlofi og eru með virka umsókn um dagvistun barns sem náð hefur 12 mánaða aldri. Greiðslur skulu vera skilyrtar við virka umsókn um dagvistun í leikskóla eða hjá dagforeldra í Reykjavík og falla niður þegar vistun hefst eða boð um dagvistun er hafnað af forsjáraðila. Upphæð skal vera 115.000 krónur á mánuði.

Greinargerð

Markmiðið með heimgreiðslum er að brúa bilið á milli dagvistunar og fæðingarorlofs og mæta erfiðri fjárhagslegri stöðu foreldra og forsjáraðila með lítil börn sem eru án dagvistunar að fæðingarorlofi loknu og eru þ.a.l. tilneydd að taka lengra hlé frá vinnu en sem nemur fæðingarorlofi. Með dagvistun er átt við vistun í leikskóla eða hjá dagforeldra. Miða skal reglur um heimgreiðslur við reglur nágrannasveitarfélaga.

Mikið ákall hefur verið um heimgreiðslur frá foreldrum í Reykjavík sem bíða eftir dagvistunarplássi og nýlega hafa nokkur sveitarfélög tekið upp slíkar greiðslur til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla svo sem Hafnarfjörður, Garðabær og Hveragerði.